

***Próf í verðbréfavíðskiptum***  
***A-hluti***

**Íslensk réttarskipun, fræðikerfi lögfræðinnar (50%)**  
**Ábyrgðir (25%)**  
**Ágrip úr réttarfari (25%)**

**Mánudagur 20. ágúst 2001 kl. 16:00-20:00**

*Leyfileg hjálpargögn:*  
*Í A-hluta er eingöngu leyfilegt að hafa lög og reglugerðir.*  
*Það er leyfilegt að hafa lög útprentuð af Netinu.*

*Prófið er í þremur hlutum.*  
*Vinsamlegast skilið hverjum hluta á sér próförk,*  
*gætið þess að merkja prófblöðin og hverja próförk með prófnúmeri.*

*Munið að slökkva á farsímum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á borðum.*

\*\*\*\*\*

**1. Íslensk réttarskipun, fræðikerfi lögfræðinnar (50%)**

- a. Gerið grein fyrir hugtakinu réttarheimild. (10%)
- b. Gerið grein fyrir því hver séu helstu lögskýringargögn í íslenskum rétti. (20%)
- c. Hvernig er innleiðingu (lögfestingu) EES reglna háttað að íslenskum rétti? Geta EES reglur haft beina réttarverkan að íslenskum rétti? Hvaða afleiðingar hefur það ef EES reglur eru ekki innleiddar (lögfestar) með fullnægjandi hætti? (15%)
- d. Skilgreinið eftirfarandi hugtök í stuttu máli (5%):
  - I Þingræðisregla
  - II Meðalhófsregla

**2. Ábyrgðir (25%)**

Fjallið um ógildi kröfuábyrgðar vegna þess að kröfuhafi hefur ekki gætt upplýsingaskyldu sinnar gagnvart ábyrgðarmanni.

**3. Ágrip úr réttarfari (25%)**

- a. Hver er munur á kærú og áfrýjun til Hæstaréttar? (10%)
- b. Fjallið stuttlega um afbrigðilega meðferð einkamála. (15%)